

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðasvæði við Lindasíðu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin er að landnotkunarskilgreiningin miðsvæði á reit sem afmarkast af Hlíðarbraut, Austursíðu og Bugðusíðu er felld niður og verður þess í stað íbúðarsvæði á austurhluta reitsins og stofnanasvæði á vesturhluta hans. Við breytinguna færast enn fremur göngustígur milli Bugðusíðu og Hlíðarbrautar suður fyrir íbúðarsvæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.